

Samfélagsgreinar		2. bekkur
Kennarar: Gunna Sigga, Krissa og Stella Tíma fjöldi: 3 kennslustundir		
Menntagildi námsgreinar: Menntagildi samfélagsgreina felst í því að þroska hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra. Þessi hæfni á sér þrjár rætur. 1) Í tengslum við aðra sem þegar eru mótuð, svo sem innan fjölskyldunnar, 2) í tengslum við sjálfan sig ; 3) í myndun nýrra tengsla við aðra við breytilegar aðstæður. Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið er eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við. Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.		
Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Reynsluheimur- umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann	Nemandi getur: • Borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sýnt umhyggju og sáttfýsi. • Sagt frá og skilið samhengi milli orða, athafna og afleiðinga. • Sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar. • Velt fyrir sér ýmsum spurningum sem tengjast trú og lífsviðhorfum og því hvernig við komum fram við aðra. • Sagt frá völdum þáttum í sögu heimabyggðar. • Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins. • Áttað sig á að hann tilheyrir stærra samfélagi og að við höfum ábyrgð gagnvart öðrum í samfélaginu. • Áttað sig á gildi samhjálpur í samfélaginu.	• Í tengslum við Uppbyggingarstefnuna ræðum við þau gildi sem við viljum að nemendur tileinki sér í samskiptum við aðra. • Í samverustundum ræðum við um góða hegðun og hvernig brugðist er við ef nemendur fara út af þeirri braut. • Bekkjарfundir • Skoðuð verða minnismarki bæjarins • Við ræðum um að við tilheyrum stærra samfélagi en fjölskyldunni.

	Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa.	
Hugarheimur, Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum	- Sagt frá sjálfum sér og fjölskyldu sinni, búsetu, siðum og venjum. - Áttað sig á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig. - Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann. - Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur. - Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði. - Gert sér grein fyrir mikilvægi þess að borða reglulega, fara snemma að sofa og leika sér úti. - Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna. - Sett sig í spor annarra. - Sett sér einföld markmið og unnið að þeim.	- Í tengslum við Uppbyggingarstefnuna ræðum við þau gildi sem við viljum að nemendur tileinki sér í samskiptum við aðra. - Bekkjarfundir. - Umræður - Nemendur fræðast um ýmsa þætti tengda mannlíkamanum. - Jafnt og þétt yfir veturinn ræðum við um mikilvægi góðrar heilsu og hvað við getum gert til að hafa áhrif á heilsuna. - Markmiðasetning: Nemendur setja sér einföld en skýr markmið, t.d. að bæta sig í lestri, vera jákvæðir og sýna virðingu. - Vinna með styrkleika.
Félagsheimur, Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra	- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi. - Hlustað á ólíkar skoðanir. - Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti. - Áttað sig á gildi jafnréttis, sýnt tillitssemi, virðingu og umhyggju í leik og starfi. - Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna. - Sýnt að hann virði reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar. - Þekkir mörk sín og aðra. - Þekkja líkamann sinn og einkastaði.	- Bekkjarfundir. - Umræður. - Ýmis verkefni í tengslum við uppbyggingarstefnuna eins og Bekkjarsáttmála og Mitt og þitt hlutverk - Farið yfir skólareglur Heiðarskóla og nemendur minntir á að fara eftir þeim.
Námsmat: Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum jafnt og þétt yfir skólaárið en niðurstöður námsmats eru birtar í lok skólaárs.		

Kennslugögn:

- Halló heimur 1
- Komdu og skoðaðu land og þjóð (aukaefni)
- Íslandsbók barnanna
- Verkfærakista uppbyggingarstefnunnar
- Ýmsir námsvefir
- Ýmis verkefni frá kennara
- Krakkarnir í hverfinu – leikpáttur.